



FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Föstudaginn 6. maí var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl. 8:30 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt Halldór G. Ólafsson, Péturína L. Jakobsdóttir, Guðmundur Egill Erlendsson, Kristín Björk Leifsdóttir og Ástrós Elísdóttir varamaður ásamt Alexöndru Jóhannesdóttur sveitarstjóra.

Oddviti setti fundinn og stjórnaði honum. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Skýrsla sveitarstjóra

Sveitarstjóri fór yfir málefni sveitarfélagsins og þau verkefni sem unnið hefur verið að síðan á síðasta fundi. Skýrslan var flutt munnlega og til kynningar.

2. Ársreikningur 2021 – síðari umræða

a. Endurskoðunarskýrsla

Fyrir fundinum lá endurskoðunarskýrsla Níelsar Guðmundssonar hjá Enor dags. 6. maí. Að endurskoðun komu Níels Guðmundsson löggiltur endurskoðandi og Óttar Ingi Oddsson viðskiptafræðingur. Skýrslan var lögð fram til kynningar.

b. Ársreikningur sveitarsjóðs og stofnana

Fyrir fundinum lá ársreikningur sveitarsjóðs og stofnana til síðari umræðu. Ársreikningurinn var tekinn til fyrri umfjöllunar á fundi sveitarstjórnar þann 13. apríl sl.

Rekstrartekjur A og B hluta námu kr. 706,7 millj. á árinu 2021 og hækka um 5,9% milli ára. Rekstrartekjur samstæðunnar eru 3,7% yfir áætlun ársins 2021 með viðaukum.

Laun og launatengd gjöld A og B hluta námu kr. 332,5 millj. á árinu 2021 og hækka um kr. 17,4 millj. eða 5,5%. Liðurinn er í heild um 0,9% undir áætlun ársins með viðaukum. Gjaldfærsla vegna lífeyrisskuldbindingar er um kr. 46,9 millj. sem er um kr. 20,3 millj. yfir áætlun. Á árinu var áætluð hlutdeild sveitarfélagsins í lífeyrisskuldbindingunni hækkuð úr 53% í 59,1% sem að hefur mikil áhrif til hækkunar á bókfærðu verði skuldbindingarinnar í uppgjörinu.

Annar rekstrarkostnaður A og B hluta nam kr. 329,5 millj. á árinu 2021 og hækkar um kr. 28,7 millj. eða 9,6%. Liðurinn er aðeins undir áætlun ársins eða kr. 3,1 millj. sem er um 0,9% frávik.

Afskriftir A og B hluta námu kr. 45,4 millj. og hækka aðeins milli ára sem er í takti við áætlun



ársins.

Fjármagnsliðir hjá A og B hluta voru neikvæðir um kr. 8,2 millj. á árinu 2021 sem er í takti við áætlun ársins.

Tap varð á rekstri A-hluta fyrir afskriftir og fjármagnsliði að fjárhæð kr. 81,7 millj. samanborið við kr. 68,8 millj. tap fyrir afskriftir og fjármagnsliði skv. fjárhagsáætlun. Rekstrarniðurstaða A -hluta var neikvæð á árinu 2021 um kr. 109,2 millj. samanborið við kr. 93,4 millj. neikvæða afkomu skv. áætlun með viðaukum. Handbært fé frá rekstri samstæðunnar nam kr. 42,1 millj.

Rekstrarniðurstaða samstæðu A- og B- hluta á árinu 2021 var neikvæð um kr. 55,8 millj. samanborið við kr. 58,6 millj. neikvæða afkomu skv. áætlun með viðaukum. Afkoma samstæðunnar var því kr. 2,7 millj. betri en áætlun með viðaukum gerði ráð fyrir. Samtals var nettó niðurstaða þeirra viðauka sem gerðir voru kr. 1,3 millj. til lækkunar á rekstrarafkomu ársins.

Jákvæð frávík frá áætlun eru í skatttekjum vegna hærri framlaga frá jöfnunarsjóði, fræðslu- og uppeldismálum vegna hærri endurgreiðslna frá öðrum sveitarfélögum og lægri kostnaðar, umferðar og samgöngumálum vegna snjómoksturs, sameiginlegum kostnaði vegna þjónustutekna skrifstofunnar og aðkeyptrar þjónustu og hafnarsjóði vegna tekna af aflagjöldum.

Helstu neikvæðu frávikin eru hjá félagsþjónustunni vegna málefna fatlaðra, í breytingu lífeyrisskuldbindinga vegna hækkunar á áætluðu hlutfalli sveitarfélagsins í skuldbindingunum, hjá eignasjóði vegna vanáætlaðra afskrifta og kostnaðar tengt nýrri slökkvibifreið og áætlaðra tekna af gámaplani sem var fært út úr bókum sveitarfélagsins.

Varanlegir rekstrarfjármunir A og B hluta lækka um kr. 596 þús. milli ára og nema samtals kr. 1.191,4 millj. í árslok 2021.

Lóðir og lendur sveitarfélagsins voru endurmetnar og nam endurmatshækkun vegna þeirra kr. 25,4 millj. Heildarfjárfesting samstæðunnar í varanlegum rekstrarfjármunum á árinu nam kr. 69,0 millj. en afskriftir námu kr. 45,4 millj.

Á árinu voru seldar fimm íbúðir hjá félagsíbúðum en söluverð varanlegra rekstrarfjármuna nam í heild kr. 63,3 millj. á árinu.

Helstu fjárfestingar ársins voru: Túnbraut 1-3 endurbætur kr. 14,9 millj., Bjarmanes endurbætur kr. 4,1 millj., Bogabraut 7 endurbætur kr. 3,2 millj., dráttarvél og skólabíll kr. 14,1 millj., hafnarmannvirki kr. 23,1 millj. en á móti kom 13,7 millj. ríkisframlag, Vatnsveita búnaður kr. 3,1 millj., fasteignir félagsíbúða endurbætur kr. 10,7 millj. og fráveitukerfi kr. 5,7 millj.

Færð er upp krafa undir fyrirframgreiddum kostnaði vegna uppgjörs við Brú lífeyrissjóð sem að gjaldfærist á 20 – 30 árum.

Handbært fé samstæðu A og B lækkar um kr. 43,6 millj. milli árana 2020 og 2021. Veltufjárhlutfall samstæðunnar er áfram hátt en það lækkar þó nokkuð milli ára og er kr. 5,7 millj. í árslok 2021.



Staða eiginfjárreiknings sveitarfélagsins í A og B hluta lækkar um kr. 30,5 millj. milli ára. Neikvæð afkoma A og B hluta að fjárhæð kr. 55,8 millj. kemur til lækkunar á eigin fé en á móti er færð beint á eiginfjárreikninginn færsla vegna endurmats á lóðum og lendum að fjárhæð kr. 25,4 millj.

Lífeyrisskuldbindingar A og B hluta hækka um kr. 38,8 millj. milli ára. Greiðslur vegna lífeyrisskuldbindinga námu kr. 7,3 millj. en gjaldfærð hækkun kr. 46,1 millj.

Skuldir við lánastofnanir lækka um kr. 73,0 millj. milli ára en þær voru kr. 126,4 millj. í árslok samanborið við kr. 199,3 millj. í ársbyrjun. Langtímaskuldir sveitarfélagsins eru allar vegna félagslegra íbúða en vaxtakjör þeirra eru mjög hagstæð eða á bilinu 1,0 – 2,4% verðtryggðir vextir. Sjö skuldabréf voru gerð upp á árinu, tvö vegna eigna sem voru seldar undir lok ársins 2020 og fimm vegna eigna sem voru seldar á árinu 2021.

Engin lántaka var gerð á árinu 2021 hjá samstæðunni.

Skuldahlutfall samstæðu sveitarfélagsins sem reiknað er í samræmi við reglur um fjárhagsleg viðmið sveitarfélaga var -5% í árslok 2021 sem telst verulega gott og skýrist af því að veltufjármunir voru hærri en skuldir samstæðunnar.

Sveitarstjórn ræddi ársreikninginn og samþykkti hann og áritaði að lokinni umræðu.

3. Rekstraryfirlit sveitarfélagsins jan.-mars. 2022 og fjárfestingayfirlit 15. apríl 2022

Fyrir fundinum lá rekstraryfirlit sveitarfélagsins jan.-mars 2022 og fjárfestingayfirlit miðað við 15. apríl 2022 sem sveitarstjóri fór yfir og útskýrði. Var yfirlitið lagt fram til kynningar.

4. Vinnuskóli sumarið 2022

Fyrir fundinum lá tillaga að launakjörum vegna Vinnuskóla Sveitarfélagsins Skagastrandar 2022:

14 ára 30% af lfl. 117-1 829 m/orlofi (var 755 m/orlofi – hækkun um 9,8%)
15 ára 40% af lfl. 117-1 1.105 m/orlofi (var 1007 m/orlofi – hækkun um 9,7%)
16 ára 50% af lfl. 117-1 1.382 m/orlofi (var 1.258 m/orlofi – hækkun um 9,8%)

Flokkstjóri vinnuskóla 127-1 = 431.886 Dv 2.656,10 Yv 4.485,14 + 13,04% orlof til viðbótar.

Sumarstarfsmaður 117-1 = 387.045 Dv 2.380,33 Yv 4.019,46 + 13,04% orlof til viðbótar.

Launafl.	Mán.laun	dagv. yv.	
117-1	397.545,00	2.444,90	4.128,50
127-1	431.886,00	2.656,10	4.485,14
orlof	13,04%		



14 ára	829
15 ára	1.105
16 ára	1.382

Laun taka mið af launatöflu sem gildir frá 1. apríl 2022.

Sveitarstjórn ræddi framlagða tillögu og samþykkti eins og hún var lögð fyrir.

5. Stofnframlag HMS

Lögð var fram umsókn um stofnframlag vegna óstofnaðrar húsnæðissjálfsseignarstofnunar vegna byggingar á parhúsi í sveitarfélaginu.

Sveitarstjórn samþykkir að veita stofnframlag til byggingar á tveimur leiguíbúðum á vegum óstofnaðrar húsnæðissjálfsseignarstofnunar annars vegar með niðurfellingu á lóða- og gatnagerðargjöldum og hinsvegar með beinu viðbótarfjárframlagi til að mæta kröfu um 12% hlutfall stofnframlags sveitarfélagsins af stofnvirði íbúðanna.

6. Bréf

a. Birkir Karl Sigurðsson dags. 19. apríl 2022

Efni: Skáknámskeið

Með erindinu er kynntur möguleiki á að bjóða upp á skáknámskeið í sveitarfélaginu fyrir ungmenni. Erindið var lagt fram til kynningar og sveitarstjóra falið að beina erindinu til UMF Fram.

b. Magnús Ver Magnússon dags. 3. maí 2022

Efni: Norðurlands Jakinn

Með erindinu er óskað eftir afstöðu sveitarfélagsins varðandi aðkomu að Norðurlands Jakanum 2022. Sveitarstjórn ræddi erindið en hafnar þátttöku að þessu sinni.

7. Fundargerðir

a. Stjórnar Hafnasambands Íslands dags. 1. apríl 2022

Lögð fram til kynningar.

b. Stjórnar Markaðsstofu Norðurlands dags. 4. apríl 2022

Lögð fram til kynningar.

c. Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 27. apríl 2022

Lögð fram til kynningar.

8. Önnur mál

Oddviti lagði fram eftirfarandi bókun:

Oddviti leggur fram bókun þar sem hann þakkar sveitarstjóra og sveitarstjórn gott og farsælt samstarf á kjörtímabilinu.



Halldór G. Ólafsson
Halldór Gunnar Ólafsson

Kristín Björk Leifsdóttir
Kristín Björk Leifsdóttir

Péturína I. Jakobsd.
Péturína Laufey Jakobsdóttir

Guðmundur Egill Erlendsson
Guðmundur Egill Erlendsson

Ástrós Elísdóttir
Ástrós Elísdóttir

ALEXANDRA JÓHANNESDÓTTIR
Alexandra Jóhannesdóttir

